

RE: Upplýsingar vegna landnámsskála

Til : Axel Rodriguez Överby
Frá : eythor@thekkingarmidlun.is <eythor@thekkingarmidlun.is>
Heiti : RE: Upplýsingar vegna landnámsskála
Málsnúmer : 2019060053
Málsaðili : Fornminjafélag Súgandafjarðar
Skráð dags : 25.05.2019 20:23:20
Höfundur : eythor@thekkingarmidlun.is <eythor@thekkingarmidlun.is>

Viðhengi [2019-04-06 \(1\).png](#)[2019-04-06 \(1\).png](#)
[20190521_155624.jpg](#)[20190521_155624.jpg](#)
[20190521_155542.jpg](#)[20190521_155542.jpg](#)
[20190521_155609.jpg](#)[20190521_155609.jpg](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Sæll Axel,

Þakka þér skjót og góð svör. Ég er enn að vinna í landnámsskálanum og þetta tekur sinn tíma en áætlað er að hefja bygginguna í ágúst. Arkitektastofan Argos sem er færasta stofan á Íslandi í að teikna landnámsskála og klára það fyrir lok þessa mánaðar. Landeigendur eru að vinna í að klára undirskriftir allra landeigenda um jörðina, allt er samþykkt en skriflegt samþykki allra tekur tíma.

En til að gefa þér innsýn í hvað er á leiðinni til þín þá sendi ég nokkra myndir.

Erum við nokkuð að brenna inni á tíma fyrir sumarfrí hjá ykkur?

Kveðja,

Eyþór

Frá: Axel Rodriguez Överby
Sent: 04 April 2019 08:52
Til: eythor@thekkingarmidlun.is
Efni: RE: Upplýsingar vegna landnámsskála

Heill og sæll Eyþór

Þetta er spennandi verkefni, í fyrsta lagi þá þarf að liggja fyrir heimild landeigenda til þess að byggja á jörðinni. Þá annaðhvort með lóðaleigusamning við landeigendur, um lóð.

Ég hugsa að það séu líka takmarkanir þ.e. fjarlægð frá ám, vötnum, strandlínu og vegum. þ.e. veghelgunarsvæði Vegagerðar m.t.t.t. vegalaga nr. 80/2007

Nú veit ég voða lítið um framkvæmdina sem slíka, s.s. útlit, staðsetningu o.þ.h. en sé þetta að ofan leyst sérstaklega lóðarréttindi þá ætti að vera hægt að keyra málið áfram.

Minjastofnun og Veðurstofa þurfa að hafa aðkomu m.t.t. ofanflóða og mögulegra minja á byggingarstað.

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingafulltrúi

From: eythor@thekkingarmidlun.is [<mailto:eythor@thekkingarmidlun.is>]

Sent: miðvikudagur, 3. apríl 2019 16:29

To: Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>

Subject: Upplýsingar vegna landnámsskála

Sæll Axel,

Ég heiti Eyþór Eðvarðsson og er formaður Fornminjafélags Súgandafjarðar. Við erum að huga að því byggja landnámsskála í landi Botns í Súgandafjarðar.

Til að tryggja að allt sé samkvæmt bestu leikreglum hvað þurfum við í Fornminjafélaginu að uppfylla einhverjar kröfur eða skilyrði áður en við byggjum.

Um er að ræða lítinn skála, sem verðu opinn og öllum aðgengilegur. Engin starfsemi verðu í húsinu, engin viðskipti verða tengd húsin og engin búseta. Bara minnisvarði um liðna tíð. Þarft þú sem byggingarfulltrúi eitthvað frá mér?

Með bestu kveðju,

Eyþór Eðvarðsson
892 1987

